

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@mvv.is

Fundargerð

Skólanefnd.

6. fundur

Fundur í skólanefnd 13. júní .2007 kl. 13:00 í Reykjahlíðarskóla.

Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Ásdís Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir og Sólveig Jónsdóttir.

1. Formaður skólanefndar bauð alla velkomna og kynnti dagskrána.
2. Kennararáðningar.

Umsókn hefur borist frá Aðalheiði Helgadóttur nýútskrifuðum kennara frá Háskólanum á Akureyri. Gengið hefur verið frá ráðningarsamningi við Aðaleiði í 100% stöðu.

Umsóknir liggja fyrir frá Lilju Björk Þuríðardóttur og Brynju Ingólfsdóttur og eru þær báðar leiðbeinendur. Skólanefnd leggur til að Lilja Björk verði ráðin í 50% stöðu og að Brynja verði ráðin í amk. 70% stöðu.

Ein umsókn barst í þessari viku og er verið að leita eftir nánari upplýsingum.

3. Önnur mál.
Skólanefnd og skólastjóri vilja, að gefnu tilefni, leggja fram þá spurningu til sveitastjórnar hvort áfengisneysla sé heimil í skólahúsnæðinu þegar það er leigt utan skólatíma. Skv. skólareglum er notkun vímuefna bönnuð í skólanum og á skólalóðinni

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 14:10

Hrafnhildur Geirsdóttir,
Steinunn Ósk Stefánsdóttir,
Ásdís Jóhannesdóttir,
Þórhalla Valgeirsdóttir